

Fimmtudaginn 17. febrúar 1994.

Nr. 379/1991.

**Valur Blomsterberg**

(Árni Grétar Finnsson hrl.)

gegn

**Hafdísi Alfreðsdóttur**

(Ingibjörg Rafnar hrl) **og**

**dómsmálaráðherra f.h.**

**dómsmálaráðuneytis**

(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

Hjón. Börn. Framfærslueyrir. Stjórnsýsla. Gjafvörn. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. september 1991. Hann krefst þess, að felldur verði úr gildi úrskurður dómsmálaráðuneytisins frá 18. júlí 1989, þar sem honum var gert að greiða fyrrverandi eiginkonu sinni, stefndu Hafdísi, tvöfalt meðlag, eins og barnalífeyrir samkvæmt lögum um almannatryggingar ákvarðast hverju sinni, með hvorri dætra þeirra, Sigrúnu Birnu, f. 2. september 1982, og Berglindi Svönu, f. 30. janúar 1986, frá 1. desember 1989 til 18 ára aldurs þeirra. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda Hafdís Alfreðsdóttir krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en hún fékk gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 6. febrúar 1992.

Stefndi dómsmálaráðherra f.h. dómsmálaráðuneytisins krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

### I.

Áfrýjandi og stefnda Hafdís leituðust við að slíta hjónabandi sínu, sem þau höfðu gengið í 9. júlí 1983. Hjá bæjarfógetanum í Hafnarfirði 17. júlí 1987 fóru þau sameiginlega fram á skilnað að borði og sæng, en deildu um annað, er að skilnaðinum laut, þ. e.

skiptingu eigna, forsjá barna, meðlag með börnunum og framfærslueyri til konunnar. Í ágúst fluttist konan af heimilinu með dætur þeirra tvær. Hinn 16. nóvember var bókað hjá bæjarfógeta, að samkomulag væri komið um, að konan hefði forsjá beggja dætranna, en ósamkomulag um, frá hvaða tíma maðurinn greiddi meðlag með börnunum, og aðra þætti skilnaðarmálsins, þar á meðal um kröfu konunnar um mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur til sín. Í lok nóvember gerði lögmaður mannsins kröfu um lögskilnað, og var krafan samþykkt. Stóð deila þeirra að öðru leyti allt næsta ár, og var málið tekið fyrir bæði hjá bæjarfógeta og í dómsmálaráðuneyti.

Kröfu sína um tvöfalt meðlag með börnunum gerði konan í bréfi til dómsmálaráðuneytisins 12. janúar 1988.

Hinn 1. febrúar 1988 var kveðinn upp úrskurður hjá bæjarfógeta, þar sem áfrýjanda var gert til bráðabirgða að greiða með dætrunum einfalt meðlag, eins og það ákveðst af Tryggingastofnun ríkisins á hverjum tíma, frá 1. nóvember 1987, þar til leyst væri deila um forsjá þeirra.

Haustið 1988 hafði dómsmálaráðuneytið málið til meðferðar vegna ágreinings um forsjá dætranna. Í bréfi ráðuneytisins til málsaðila 16. september 1988 kemur fram, að umsagnir barnaverndarnefnda Reykjavíkur og Hafnarfjarðar hafi borist ráðuneytinu og verði „málið því tekið til úrskurðar innan skamms“. Í bréfi þessu segir enn fremur:

„Af því tilefni er aðilum hér með gefinn kostur á að koma á framfæri gögnum og upplýsingum er þeir óska eftir að berist ráðuneytinu áður en úrskurður verður upp kveðinn og er frestur í því skyni veittur til 1. október nk.

Athygli er vakin á kröfu konunnar um tvöfalt meðlag með börnunum hjónanna og er manningum einnig gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum til þeirrar kröfu á ofangreindum fresti.“

Aðilar brugðust hvor á sinn hátt við þessum tilmælum ráðuneytisins. Lögmaður áfrýjanda ritaði bréf til ráðuneytisins 27. september 1988, þar sem segir m.a.:

„Varðandi forræði barnanna, þá bendir umbjóðandi minn á, að hann hefur góða aðstöðu til að annast þau vel. Hann hefur íbúð til umráða og foreldrar hans, sem einnig eru búsett í Hafnarfirði, eru reiðubúin til að aðstoða hann með börnin, svo sem þau hafa áður

gert. . . . Ef umbjóðanda mínum verður fengið forræði barnanna, annars eða beggja, þá gerir hann kröfu um venjulegt meðlag með þeim úr hendi konunnar. Er það gert barnanna vegna, samanber fyrri úrskurði ráðuneytisins um þetta efni.

Kröfu konunnar um tvöfalt meðlag með börnunum, verði henni úrskurðað forræði þeirra, mótmælir maðurinn algjörlega. . . .

. . . Hann bendir enn fremur á, að konan hefur þegar aflað sér góðrar menntunar sem innanhússarkitekt og hefur af þeim sökum ágæta tekjumöguleika. Hann telur því engin rök vera til staðar fyrir því, að honum verði gert að greiða tvöfalt meðlag með börnunum, ef svo færi, að konan fengi forræði þeirra, enda sé þetta mál á engan hátt þannig vaxið, að leiða eigi til undantekningar frá því sem venjulegt er um meðlagsgreiðslur með börnum.“

Stefnda Hafdís sendi ekki bréf til ráðuneytisins, heldur fór þang- að sjálf, og var þar gerð svofelld bókun:

„Ár 1988, föstudaginn 7. október er tekið fyrir hjónaskilnaðar- málið nr. 12530 Valur Blomsterberg og Hafdís Alfreðsdóttir.

Konan er mætt. Það kemur fram hjá henni að svo hafi samist milli hennar og mannsins að hann borgi hluta af kostnaði vegna gæslu barnanna beint u.þ.b. 5.000 kr. á mánuði og með hliðsjón af því hafi hún ákveðið að draga kröfu sína um tvöföld meðlög til baka en áskilur sér rétt til að endurvekja þá kröfu ef maðurinn standi ekki við orð sín um að borga. Konan krefst því einfalds meðlags með hvoru barni fyrir sig til 18 ára aldurs.“

Ekkert er fram komið um, að áfrýjanda hafi verið kynnt þessi bókun dómsmálaráðuneytisins. Hefur hann í máli þessu staðfast- lega neitað að hafa gefið loforð þess efnis, sem í bókuninni greinir.

Í hinum áfrýjaða dómi er síðan gerð grein fyrir framhaldi málsins. Dómsmálaráðuneytið gaf hinn 12. október 1988 út leyfisbréf til lög- skilnaðar milli áfrýjanda og stefndu Hafdísar. Þar er konunni úr- skurðuð forsjá barna þeirra beggja. Þar er og kveðið á um, að maðurinn greiði konunni meðlag með hvoru barni fyrir sig, eins og barnalífeyrir samkvæmt lögum um almannatryggingar ákvarðast hverju sinni, til 18 ára aldurs þeirra. Er á því byggt af hálfu aðila í máli þessu, að ákvæði leyfisbréfsins um meðlag með börnunum hafi verið staðfesting ráðuneytisins á samkomulagi foreldranna, sbr. 21. gr. barnalaga nr. 9/1981.

Byggðist hinn umdeildi úrskurður ráðuneytisins 18. júlí 1989 því á 22. gr. barnalaga, en þar sagði: „Staðfestur samningur um framfærslueyri, sbr. 21. gr., er því ekki til fyrirstöðu, að valdsmaður skipi máli annan veg en samningur kveður á um, enda telji hann að aðstæður hafi breyst verulega eða samningur gangi í berhöggi við þarfir barns.“

## II.

Áfrýjandi byggir kröfur sínar hér fyrir dómi á sömu rökum og hann bar fram í héraði. Hann leggur áherslu á það, að engar þær breytingar hafi orðið á tekjum þeirra né öðrum högum, sem réttlæti tvöföldun meðlagsgreiðslna hans til konunnar, einnig, að hvorki munur á tekjum né sérstakar aðstæður réttlæti frávik frá þeirri meginreglu, að miðað sé við einfalt meðlag, þ. e. jafnhátt barnalífeyri samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Með vísan til fordæmis í dómi Hæstaréttar 30. mars 1987 ber að telja, að úrskurður um breytingu á samkomulagi aðila um fjárhæð meðlagsgreiðslna hafi verið heimill eftir lokaákvæði 22. gr. þágildandi barnalaga, þ.e. vegna þarfa barna án tillits til breyttra aðstæðna.

Þegar litið er til deilna hjónanna vegna skilnaðarins og krafna þeirra hvors á hendur öðru, má ljóst vera, að bókun sú, sem gerð var í dómsmálaráðuneytinu 7. október 1988, hefur vegið þungt við úrlausn þess á deilum aðila. Við útgáfu leyfisbréfsins 12. október 1988 hafi verið byggt á því, að áfrýjandi hafi gefið stefndu framangreint loforð, og við úrskurðinn 18. júlí 1989 hafi verið á því byggt, að þetta stóðst ekki.

Þegar þetta er virt og einnig, að telja verður, að nægilega sé í ljós leitt, að það væri andstætt þörfum barna áfrýjanda og stefndu Hafdísar að binda framfærslueyri frá honum við einfalt meðlag, eru ekki efni til að taka kröfur áfrýjanda til greina. Verður héraðsdómur því staðfestur, um annað en málskostnað.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði falli niður, en staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um gjafvarnarkostnað. Áfrýjandi greiði stefndu Hafdísí 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, sem renni í ríkissjóð, en málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður að öðru leyti.

Gjafvarnarkostnaður stefndu Hafðísar fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns hennar, Ingibjargar Rafnar hæstaréttarlögmans, sem þykja hæfilega ákveðin 100.000 krónur.

Ekki hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjandi dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um gjafvarnarkostnað.

Áfrýjandi, Valur Blomsterberg, greiði stefndu Hafðísi Alfreðsdóttur 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður að öðru leyti.

Gjafvarnarkostnaður stefndu Hafðísar Alfreðsdóttur fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal laun skipaðs talsmanns hennar, Ingibjargar Rafnar hæstaréttarlögmans, 100.000 krónur.

#### S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Þegar beiðni áfrýjanda og stefndu Hafðísar Alfreðsdóttur um lögskilnað var á lokastigi meðferðar í dómsmálaráðuneytinu, kom stefnda í ráðuneytið og lýsti þeirri afstöðu varðandi kröfu sína um meðlög með dætrum þeirra, sem greind er í bókun ráðuneytisins frá 7. október 1988. Yfirlýsing hennar var ekki borin undir áfrýjanda, svo að séð verði, en hennar vegna var á því byggt við útgáfu skilnaðarleyfis 12. sama mánaðar, að komið væri á með hjónunum samkomulag þess efnis, að meðlögin yrðu einföld. Yfirlýsingin reyndist ekki í samræmi við afstöðu áfrýjanda, þegar til kastanna kom, og heldur hann því fram, að hann hafi aldrei gefið það loforð, sem um getur í bókuninni. Samkvæmt greinargerð hans til ráðuneytisins og

framburði hans í máli þessu hafði hann að vísu hugsað sér að sinna ýmsum greiðslum vegna dætranna, þótt hann fengi ekki forsjá þeirra, en þá viljað ráðstafa þeim án atbeina móðurinnar.

Við þessar aðstæður geta aðilar ekki með réttu miðað við það í málinu, að eftirfarandi úrskurður ráðuneytisins frá 18. júlí 1989 hafi falið í sér breytingu á staðfestum samningi um meðlög vegna dætranna, sbr. 22. gr. barnalaga nr. 9/1981, þar sem raunin var sú, að því er telja verður, að samkomulag um meðlögin hafði aldrei komist á. Meðlagsákvæði skilnaðarleyfisins voru þannig reist á grundvallarforsendu, sem ekki var fyrir hendi. Var ráðuneytinu rétt að taka málið upp aftur þegar af þeirri ástæðu, er stefnda Hafdís krafðist þess, og úrskurða um meðlögin frá grunni. Þetta gerðist í reynd, og fengu báðir aðilar kost á að tjá sig til hlítar um málefnið, áður en fyrrgreindur úrskurður var upp kveðinn. Varð niðurstaðan sú, að meðlög frá manningnum skyldu vera tvöföld frá 1. desember 1989 að telja. Er hún byggð á ákvæðum 2. mgr. 15. gr. barnalaga, eins og við átti. Miðað við fram komnar upplýsingar um þarfir barnanna og fjárhagsstöðu og aðra hagi foreldranna verður ekki séð, að á úrskurðinum séu neinir efnisannmarkar, er varði ógildinguna hans. Á þessum forsendum er ég samþykkur niðurstöðum annarra dómenda að öllu leyti.

### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. júní 1991.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 10. júní sl., hefur Valur Blomsterberg, til heimilis að Sléttahrauni 32, Hafnarfirði, kt. 191159-3659, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 4. og 5. apríl 1990, gegn Hafdísí Alfreðsdóttur, Iðufelli 2, Reykjavík, kt. 070760-2079 og dómsmálaráðherra, f.h. dómsmálaráðuneytisins.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að felldur verði úr gildi úrskurður dómsmálaráðuneytisins, frá 18. júlí 1989, þar sem stefnanda er gert að greiða tvöfalt meðlag, eins og barnalífeyrir skv. lögum um almannatryggingar ákvarðast hverju sinni, með hvoru barni sínu frá 1. des. 1989 til 18 ára aldurs þeirra.

Þá krefst stefnandi þess, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda málskostnað [...].

Stefnda Hafdís krefst þess, að úrskurður dómsmálaráðuneytisins frá 18. júlí 1989 verði staðfestur. Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnanda [...].

Stefndi dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytisins krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur þann 24. apríl 1990. Með dómi bæjarþingsins, upp kveðnum 6. nóv. 1990, var máli þessu vísað frá dómi. Stefnandi kærði frávisunardóm þennan til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 20. des. 1990, var héraðsdómurinn felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar og dóms-álagningar að nýju.

## I.

Málavextir eru þeir, að stefnandi, Valur Blomsterberg, og stefnda Hafdís Alfreðsdóttir gengu í hjónaband þann 9. júlí 1983. Eiga þau saman tvær dætur, Sigrúnu Birnu, fædda 2. sept. 1982, og Berglindí Svönu, fædda 30. janúar 1986. Haustið 1982 héldu hjónin til náms í Bandaríkjunum og luku þar námi í árslok 1986, hann í markaðsfræðum og hún í innanhússarkitektúr. Að námi loknu héldu þau heim til Íslands og hófu búskap að Sléttahrauni 32 í Hafnarfirði.

Þann 17. júlí 1987 óskuðu þau eftir því við bæjarfógetann í Hafnarfirði, að þeim yrði veittur skilnaður að borði og sæng. Deilur voru með þeim hjónum um skiptingu eigna, forræði barna, meðlag og framfærslueyri.

Stefnda Hafdís gerði þann 12. janúar 1988 kröfu um tvöfalt meðlag með dætrum þeirra hjóna. Kröfu þessa dró hún til baka þann 7. okt. 1988, og var þá bókað hjá dómsmálaráðuneytinu, að ástæða þess væri sú, að stefnandi hefði lofað því munnlega að taka þátt í kostnaði vegna dagvistunar barna þeirra.

Dómsmálaráðuneytið gaf út leyfisbréf til lögskilnaðar stefnanda og stefndu Hafdísar þann 12. október 1988. Þar var ákveðið, að konan skyldi hafa forræði dætra þeirra og að maðurinn skyldi greiða með börnunum einfalt meðlag eins og barnalífeyrir samkvæmt lögum um almannatryggingar ákvarðast hverju sinni. Stefnandi og stefnda Hafdís luku búskiptum með samkomulagi fyrir skiptarétti Hafnarfjarðar þann 17. október 1988. Í tengslum við búskiptin voru af skiptarétti Hafnarfjarðar til kvaddir virðingarmenn 27. janúar 1988 til að meta eigur búsins, og er hún dagsett 18. febrúar 1988.

Þann 11. nóvember 1988 ritaði stefnda Hafdís dómsmálaráðuneytinu bréf, þar sem hún fór fram á það, að stefnanda yrði gert að greiða henni tvöfalt meðlag með börnum þeirra, þar sem hann hefði ekki staðið við munnlegt loforð sitt um að taka þátt í kostnaði við dagvistun barna þeirra. Rökstuddi hún kröfu sína einnig með því, að verulegur munur væri á launum hennar

og stefnanda. Stefnandi hefði og fengið í sinn hlut allar helstu eigur bús þeirra og byggi auk þess í leigulausu húsnæði. Stefnandi mótmælti þessum fullyrðingum stefndu Hafðísar sem röngum.

Dómsmálaráðuneytið kvað upp úrskurð þann 18. júlí 1989, þar sem stefnanda er gert að greiða stefndu Hafðísi tvöfalt meðlag með hvoru barni þeirra um sig frá 1. des. 1989 til 18 ára aldurs þeirra. Úrskurði þessum vill stefnandi ekki una og stefnir því fyrrverandi eiginkonu sinni, Hafðísi Alfreðsdóttur, og dómsmálaráðherra f.h. dómsmálaráðuneytisins til að þola ógildingu á honum.

Kröfu sína um, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, byggir stefnandi á því, að aðalreglan um fjárhæð meðlagsgreiðslu með börnum sé svonefnt meðalmeðlag, svo sem það er ákveðið á hverjum tíma skv. lögum um almannatryggingar. Sé hér um áratuga-réttarvenju að ræða, og þurfi því meira en lítið til að koma til að vikið verði frá þeirri reglu. Telur hann, að í máli þessu séu engar þær forsendur fyrir hendi, sem réttlæti slík frávik. Stefnandi vísar um þetta efni til þess að allt frá setningu hjúskaparlaganna nr. 39/1921 hafi lengst af verið í lögum efnislega samhljóða ákvæði um að miða meðlagsgreiðslur með börnum við hag foreldra og þarfir barna ásamt heimild stjórnvalds til að endurmeta gert samkomulag um þetta efni. Í 2. mgr. 79. gr. laga nr. 39/1921 hafi verið kveðið á um það, að stjórnarráðið gæti breytt samningi foreldra um framfærslu barna sinna ef hagar foreldra hafi breyst eða ætla hafi mátt að breyting yrði börnum til bóta. Hliðstætt ákvæði sé ekki að finna í núgildandi hjúskaparlögum nr. 60/1972, en með þeim lögum hafi lögin nr. 39/1921 verið felld úr gildi. Hins vegar sé nú að finna samsvarandi ákvæði í 2. mgr. 15. gr. barnalaga nr. 9/1981, þess efnis að framfærslueyri með börnum skuli ákveða með hliðsjón af þörfum barnsins og hógum og aðstöðu foreldranna. Ákvæði hjúskaparlaganna frá 1921 hafi í yfirgnæfandi tilfellum verið framkvæmd með þeim hætti að miða greiðslur með hverju barni við meðalmeðlag. Ákvæði 2. mgr. 15. gr. barnalaga nr. 9/1981 feli ekki í sér nein nýmæli frá hjúskaparlögunum nr. 39/1921 varðandi þau sjónarmið, sem fylgja skuli við ákvörðun meðlagsgreiðslna með börnum, og gefi því ekki tilefni til þeirrar stefnubreytingar um ákvörðun meðlags, er fram komi í úrskurði dómsmálaráðuneytisins. Með úrskurði sínum sé vikið frá hefðbundinni framkvæmd laganna, afleiðingar slíkrar réttarframkvæmdar séu til þess fallnar að valda kollsteypu við ákvörðun meðlagsgreiðslna með börnum þar sem tvöfalt meðlag hljóti þá að að verða aðalregla en einfalt meðlag heyri til undantekninga og slík þróun sé andstæð stefnu almannatryggingalaganna. Stefnandi byggir á því, að í 2. mgr. 15. gr. barnalaga sé gert ráð fyrir því að við ákvörðun meðlags sé höfð hliðsjón af

þörfum barns og fjárhagsstöðu og högum beggja foreldra, þar á meðal aflahæfi þeirra. Engin trygging sé fyrir því, að hærri meðlagsgreiðslur komi börnunum að notum. Ekkert eftirlit sé hægt að hafa með því, hvernig framferandi notar þær meðlagsgreiðslur sem hann fær í hendur og þess séu dæmi að stefnda Hafdís hafi notað fé, er hún þáði frá stefnanda, til annars en til var ætlast. Stefnandi hafi hlúð að börnum sínum með ýmsum hætti, svo sem með fatakaupum, er hann sjái um að verulegu leyti, og námsgjöldum og kveður fulla ástæðu til að tekið sé tillit til þess við ákvörðun meðlagsgreiðslna með þeim.

Stefnandi byggir og á því að skuldir hans og stefndu Hafdísar hafi verið langt umfram eignir og skuldir þær, sem hann hafi tekið að sér að greiða við lögskilnaðinn, hafi verið til muna hærri en þær, sem stefnda Hafdís tók að sér að greiða. Með tilliti til eigna og skulda teljist þau hvorugt vel stæð en hann þá til muna verr settur og tvöföld meðlagsgreiðsla stefnanda verði því ekki réttlætt með því að fjárhagur hans sé betri en fyrrverandi eigin konu hans. Bæði hafi þau lokið háskólanámi og ekki séu efnisrök til annars en leggja nám beggja að jöfnu hvað aflahæfi varðar. Stefnandi byggir að lokum á því, að rök þau, sem stefnda Hafdís færir fyrir kröfu sinni um tvöfalt meðlag og varða meint loforð, er hún kveður stefnanda hafa gefið, þess efnis að hann hafi ætlað að leggja fram fé vegna dagvistunar barna þeirra, séu röng og þar með hafi ekki staðið efni til að endurákvarða meðlagsgreiðslur til hennar.

Kröfu sína um staðfestingu úrskurðarins byggir stefnda Hafdís á því, að ráðuneytið hafi að öllu leyti farið að lögum við mat sitt á kröfunni um tvöfalt meðlag. Fjárhagur og hagir aðila, þ.á m. aflahæfi, réttlæti niðurstöðuna. Samkvæmt samkomulagi um eignaskipti við hjúskaparslit aðila hafi stefnandi fengið mun meiri verðmæti í sinn hlut heldur en stefnda. Samkvæmt virðingargerð, er fram fór í tengslum við búskipti aðila, hafi stefnda Hafdís fengið í sinn hlut innbú og tæki að verðmæti kr. 182.000,00, en stefnandi hafi fengið muni virta á kr. 1.580.000,00 og þar sé bifreið búsins ekki talin með er hafi komið í hlut stefnanda. Stefnandi hafi yfirtekið skammtíma-skuldir að fjárhæð kr. 712.000,00, en engu að síður sé um verulegan mun að ræða stefndu Hafdís í óhag. Eigin skuldir við Lánasjóð íslenskra námsmanna hafi hvort um sig tekið að sér, enda beri að líta svo á, að sá, er hafi fengið lánið, njóti fyrst og fremst sjálfur afraksturs þess með menntun sinni og auknu aflahæfi. Því sé ekki óeðlilegt að hvor aðili endurgreiði sitt lán. Stefnda mótmælir þeirri fullyrðingu stefnanda, að leggja beri nám beggja aðila að jöfnu hvað aflahæfi snertir. Laun stefnanda séu mun hærri en laun stefndu. Aflahæfi stefndu takmarkist af því, að hún hafi forsjá barnanna og

geti því ekki unnið fullan vinnudag. Kostnaður stefndu vegna daggæslu barnanna sé mikill. Húsnæðiskostnaður sé einnig umtalsverður. Þá mót-mælir stefnda þeirri fullyrðingu stefnanda, að hann klæði dæturnar að öllu leyti.

Stefndi dómsmálaráðherra fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins byggir kröfur sínar um sýknu á því, að skv. 2. mgr. 15. gr. barnalaga nr. 9/1981 beri við ákvörðun framfærslueyris barna, annars vegar að hafa hliðsjón af þörfum barnsins og hins vegar af fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þ.á m. aflahæfi þeirra. Það blasi við, að fjárhagsstaða stefnanda sé mun betri en fjárhagsstaða stefndu Hafdísar, bæði að því er varðar tekjumu- mun svo og önnur ytri skilyrði.

## II.

Stefnda Hafdís gerði upphaflega kröfu til greiðslu tvöfalds meðlags úr hendi stefnanda. Stefnda féll frá þeirri kröfu sinni. Í lögskilnaðarleyfi dómsmálaráðuneytisins þann 12. október 1988 var tekið fram að stefnandi skyldi greiða stefndu Hafdísí einfalt meðlag með hvoru barni um sig. Verður því að ætla að sú ákvörðun sé byggð á samkomulagi aðila en ekki úrskurði dómsmálaráðuneytisins. Í gildandi löggjöf er engin ákvæði að finna þess efnis, að breyting á samningi aðila um fjárhæð meðlags sé háð því skilyrði, að hagir aðila hafi breyst. Kemur sú málsástæða því ekki til skoðunar.

Við úrlausn þess, hvort úrskurður dómsmálaráðuneytisins um fjárhæð meðlags, dags. 18. júlí 1989, sé með þeim annmörkum, að hann beri að ógilda, koma til skoðunar hagir aðila máls þessa og þarfir barna þeirra.

Af gögnum málsins er ljóst, að stefnandi hefur haft allnokkru hærrí tekjur en stefnda Hafdís. Með hliðsjón af samkomulagi aðila um eignaskipti við lögskilnað þeirra þykir verða að fallast á það með stefndu Hafdísí, að meiri hluti eigna bús þeirra hafi fallið til stefnanda. Á hinn bóginn yfirtók stefnandi allar skuldir þeirra að undanskilinni skuld stefndu Hafdísar við Lána-sjóð íslenskra námsmanna.

Pegar litið er til tekna stefndu Hafdísar, verður að telja, að henni hafi verið nauðsynlegt að fá úrskurðað tvöfalt meðlag til að standa straum af framfærslu þeirra barna, sem hún hafði fengið forræði fyrir.

Með hliðsjón af ofanrituðu og gögnum þeim, sem lögð hafa verið fyrir dóminn um fjárhag aðila, verður að telja að úrskurður dómsmálaráðuneytisins frá 18. júlí 1989, þar sem stefnanda er gert að greiða tvöfalt meðlag, samrýmist þörfum barna hans og högum stefndu Hafdísar. Þykir því stefnanda ekki hafa tekist að sýna fram á að efni séu til að hnekkja úrskurði dómsmálaráðuneytisins frá 18. júlí 1989.

Eftir niðurstöðu málsins skal stefnandi greiða stefndu Hafdísí Alfreðs-

dóttur kr. 200.000,00 í málskostnað, og eru þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, Ingibjargar Rafnar hdl., að teknu tilliti til virðisaukaskatts. Fjárhæð þessi greiðist í ríkissjóð. Málskostnaður dæmist ekki að öðru leyti.

Georg Kr. Lárusson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndu, Hafdís Alfreðsdóttir og dómsmálaráðherra fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins, skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Vals Blomsterbergs.

Stefnandi greiði stefndu Hafdísí Alfreðsdóttur kr. 200.000,00 í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskatt, ásamt dráttarvöxtum frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms þessa. Fjárhæð þessi skal renna í ríkissjóð. Allur gjafvarnarkostnaður stefndu Hafdísar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar, Ingibjargar Rafnar hdl., kr. 200.000,00.